



LANDSNET

UMFJÖLLUN UM EFNISTÖKUSVÆÐI Í
UMHVERFISMATI

HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 3

Holtavörðuheiðarlína 3

Umfjöllun um efnistökusvæði í
umhverfismati

Unnið af: **VSÓ** RÁÐGJÖF

Fyrir Landsnet
Dagsetning: 15.07.2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Umfjöllun um efnistökusvæði í umhverfismati.....	1
2.1	Framkvæmdalýsing og almennt um aðferðafræði	1
2.2	Mat á áhrifum efnistökusvæðis í umhverfismatsskýrslu	4
2.2.1	Gróður og vistgerðir	4
2.2.2	Jarðmyndanir	5
2.2.3	Fuglalíf	5
2.2.4	Vatnshlot og vatnsverndarsvæði / Vatnalíf	5
2.2.5	Fornminjar.....	7
2.2.6	Landslag og ásýnd / Ferðaþjónusta og útivist.....	8
2.2.7	Óbyggð víðerni	15
2.2.8	Landbúnað og skógrækt	15
2.2.9	Hljóðvist og rafsegulsvið	15
2.2.10	Loftslag	15
2.2.11	Náttúru- og hverfisverndarsvæði.....	15
3	Samantekt.....	16

1 Inngangur

Við undirbúning álits um umhverfismat Holtavörðuheildarlínu 3 hefur Skipulagsstofnun gert athugasemdir við nákvæmni umfjöllunar um efnistökusvæði í umhverfismatsskýrslu um ákveðin atriði. Þau atriði varða einkum:

- Hvernig efnistökusvæði skiptast á milli valkosta
- Afmörkun efnistökusvæða á uppdráttum
- Áhrifum efnistökusvæða á ferðapjónustu og útivist, einkum umfjöllun um nálægð við þekkta veiðistaði og gangnamannaskála.
- Umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á fornleifar, vatnshlot og vatnalíf, og landslag og ásynd.

Í samtali við Skipulagsstofnun var ákveðið að taka saman helstu upplýsingar um efnistökusvæði sem fram koma í umhverfismatsskýrslu. Áhersla er lögð á að skerpa á þeim atriðum sem þóttu óljós og bæta þar við umfjöllun.

2 Umfjöllun um efnistökusvæði í umhverfismati

2.1 Framkvæmdalýsing og almennt um aðferðafræði

Gerð var námukönnun í tengslum við umhverfismatið sem fylgir með umhverfismatsskýrslu í viðauka B. Í framkvæmdalýsingu í umhverfismatsskýrslu er útdráttur úr námukönnun og listuð upp öll efnistökusvæði sem koma til greina fyrir framkvæmdina.

Valkostir sem eru til skoðunar liggja um ólík svæði og eiga ekki öll efnistökusvæði við um alla valkosti. Í töflu 6.3 eru listuð upp efnistökusvæði sem eiga við A og B valkosti. Tafla 6.4 inniheldur efnistökusvæði sem eiga við D valkosti. Nokkur efnistökusvæði eiga við um alla valkosti og koma því fram í báðum töflunum, þau eru merkt sérstaklega.

Í töflu 6.2 kemur fram áætluð heildarefnispörf valkosta sem er á bilinu 484.000 – 568.000 m³ og rask efnistökusvæða er áætlað um 50 ha. Í umhverfismatsskýrslu eru skilgreind efnistökusvæði sem að hámarki geta náð samtals yfir 97,7 ha lands fyrir valkosti A og B, og 117,6 ha lands fyrir valkosti D og hafa að geyma efnismagn sem að lágmarki er tvöfalt meira efnismagn en áætlað er að þurfi fyrir framkvæmdina.

Ástæður þess að í umhverfismati raflínuframkvæmda er yfirleitt gengið út frá svo mörgum efnistökusvæðum og riflegu magni eru nokkrar. Á meðan umhverfismatið er í vinnslu þykir ekki ástæða til að óska eftir heimild landeigenda til rannsókna á efni á svæði sem mögulega kemur ekki lengur til greina eftir að ákvörðun um aðalvalkost liggur fyrir. Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir, nánari verkhönnun, óskað hefur verið eftir breytingum á aðalskipulagi og viðræður við landeigendur hefjast, mótast frekar hvaða efnistökusvæði af þeim sem voru umhverfismetin sé best að vinna með áfram. Þá er farið í nánari efnisrannsóknir, skipulagsbreytingar og í kjölfarið óskað eftir leyfum til framkvæmda. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við það sem hefur verið gert í nýlegum umhverfismatsverkefnum Landsnets, t.a.m. Holtavörðuheildarlínu 1 og Blöndulínu 3.

Í mati á áhrifum efnistökusvæða er áhersla lögð á að meta áhrif nýrra efnistökusvæða. Í tilfelli valkosta A og B eru flest efnistökusvæði ný og fyrir D valkosti er eitt nýtt efnistökusvæði. Önnur efnistökusvæði eru á námuskrá Vegagerðarinnar.

Viðbætur eftir ábendingar Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun kom með ábendingar um að einhver efnistökusvæði liggja fjarri slóðum og að aðgengi að svæðunum væri óljóst. Í kjölfar þess voru gögnin rýnd með þetta í huga og eru ekki skilgreindir slóðar að 5 nýjum efnistökusvæðum (tafla 2.1) í gögnum umhverfismatsskýrslu.

Tafla 2.1 Efnistökusvæði þar sem skortur er á skilgreindri aðkomu í umhverfismatsskýrslu.

Valkostir A og B	Valkostir D
HN-61 HN-49 HN-48 HN-46	HN-30

Eftirfarandi myndir sýna aðstæður við umrædd efnistökusvæði. Í flestum tilfellum er um að ræða 80 – 125 m fjarlægð frá slóðum eða vegum. Efnistökusvæðið HN-49 er í mestri fjarlægð frá vegslóð, eða um 340 m, auk þess sem þvera þarf á til að komast að því. Efnistökusvæðið HN-30 er í námunda við ræktað land. Miðað er við að hægt sé að komast að efnistökusvæðinu frá slóðum sem liggja um túnin en útfærsla efnistöku og aðkomu verður í samráði við landeigendur ef af efnistöku á þessu svæði verður. Eftirfarandi eru myndir af umræddum efnistökusvæðum.




Mynd 2.1 Efnistökusvæði HN-30. Afmörkun svæðis er ónákvæm, ekki er gert ráð fyrir raski á ræktuðu landi. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.2 Efnistökusvæði HN-46. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.3 Efnistökusvæði HN-48. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.4 Efnistökusvæði HN-49. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.5 Efnistökusvæði HN-61. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Gert er ráð fyrir að nálgast efnið á vaði sem sést á mynd. Skjáskot af map.is/hh3.

Umfang rasks vegna aðkomu að ofangreindum efnistökusvæðum, og vantar inn í gögn umhverfismatsskýrslu, er áætlað 3.150 m². Þar er miðað við að breidd slóða sé að meðaltali 4,5 m að breidd og lengd slóða sem vantar upp á sé um 700 m. Í umhverfismatsskýrslu er lengd línuslóða fyrir valkosti A og B gróflega áætluð á bilinu 81 km til 85 km og rask nýrra vegslóða áætlað á bilinu 40 til 47 ha.

2.2 Mat á áhrifum efnistökusvæðis í umhverfismatsskýrslu

Hér á eftir er farið yfir alla umhverfispætti sem eru til skoðunar í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheidiarlínu 3 og hvernig staðið var að umfjöllun efnistökusvæða. Sérstaklega eru dregnir fram þeir umhverfispættir sem Skipulagsstofnun gerir athugasemd við og skerpt á umfjöllun og/eða bætt við nánari upplýsingum.

2.2.1 Gróður og vistgerðir

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að athugunarsvæðið var skilgreint sem 150 m til beggja átta frá miðju raflína auk þess sem öll ný efnistökusvæði voru skoðuð. Áhrifasvæði efnistökusvæða er hluti af lýsingu á grunnástandi og útreikningar Náttúrustofu Austurlands á raski taka til nýrra efnistökusvæða og eru þau skilgreind sérstaklega í töflum 8.4 og 8.5. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á gróðurfar og vistgerðir og umhverfispátturinn er því hér ekki til nánari umfjöllunar.

2.2.2 Jarðmyndanir

Í lýsingu á grunnástandi kemur fram að fjögur ný efnistökusvæði sem tengjast valkostum A og B eru innan svæða sem skilgreind eru sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, nánar tiltekið Arnarvatnsheiði og Tvídægra (svæði nr. 401). Tekið er fram að verndargildi svæðisins felist ekki í jarðmyndunum. Vísað er í kort í námukönnun, viðauka B, sem sýnir nánar staðsetningar efnistökusvæðanna. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á jarðmyndanir og umhverfisþátturinn er því hér ekki til nánari umfjöllunar.

2.2.3 Fuglalíf

Efnistökusvæði eru innan athugunarsvæðis m.t.t. fuglalífs. Helstu áhrif efnistökusvæða felast í raski á búsvæðum og eru ný efnistökusvæði með í útreikningum á raski. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á fuglalíf og hér er því ekki fjallað nánar um þann umhverfisþátt.

2.2.4 Vatnshlot og vatnsverndarsvæði / Vatnalíf

Í umhverfismatsskýrslu er umfjöllun um efnistökusvæði sambærileg í kaflanum um vatnshlot og vatnsverndarsvæði og kaflanum um vatnalíf. Umfjöllun er um ný efnistökusvæði í nágrenni við árfarvegi (í minna en 200 m fjarlægð) og eru talin upp fjögur efnistökusvæði við valkosti A og B og fjögur efnistökusvæði við valkosti D. Engin af efnistökusvæðunum við valkosti D er skilgreind sem ný náma. Í umfjöllun um einkenni áhrifa er tekið fram að ekki verði efnistaka úr ánum sjálfum og þess gætt að efnistaka fari ekki niður fyrir vatnsborð til að lágmarka áhrif á vatnalíf.

Engin ný náma er innan vatnsverndarsvæðis. Dregið er fram í texta að ein núverandi náma, HN-20, er innan vatnsverndarsvæðis. Við mat á áhrifum er dregið fram hvernig efnistaka geti haft áhrif á efnafræðilegt ástand vatnshlota og á vatnsverndarsvæði, þ.e. mengun ef óhapp verður á framkvæmdatíma. Skilgreindar eru mótvægisáðgerðir / verklag sem gripið verður til ef mengunaróhapp verður innan vatnsverndarsvæða.

Samráð við Umhverfisstofnun á matsáætlunarstigi

Í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar um matsáætlun leitaði Landsnet til stofnunarinnar um leiðbeiningar um áherslur í mati á áhrifum á vatnshlot/vatnafar. Niðurstaða þess samtals var að í umhverfismati yrði umfjöllun um vatnshlot og vatnalíf þess byggt á fyrirliggjandi upplýsingum og metið hvort líkur séu á að vatnshlot séu undir álagi miðað við grunnástand. Lagt yrði mat á hvort valkostir séu líklegir til að breyta ástandi vatnshlota, hvar mætti búast við auknu álagi og hvort talin væri þörf á mótvægisáðgerðum og/eða vöktun. Eftir það samtal hefur Umhverfisstofnun gefið út leiðbeiningar um áhrifamat framkvæmda á vatnshlot og mun Landsnet vinna ítarlegra áhrifamat sem mun fylgja framkvæmdaleyfisumsókn. Það áhrifamat mun byggja á nákvæmari efnistökuáætlun en lá fyrir við umhverfismatsvinnu.

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu – efnistökusvæði og vatnshlot / vatnalíf

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að „Hafrannsóknarstofnun mælir ekki með efnistöku úr virkum farvegi vatnsfalla og hvetur til að leitað sé efnistöku utan þeirra. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu eru efnistökusvæði við valkost A3 (heiðarleið) í flestum tilfellum á stórum áreyrum með þunnu vinnslulagi en við valkost Dhlykkur (byggðaleið) í flestum tilfellum í þykkum setbunkum og því ætti efnistaka þar að geta farið fram fjarri vatnsborði. Í umhverfismatsskýrslunni eru taldar til margar námur sem koma til greina, en óvíst er núna hverjar verða notaðar, bæði vegna þess að línuleið hefur ekki verið valin og líka vegna þess að ekki hefur farið fram nákvæmt mat á námum. Mikilvægt að leitað verði umsagna um efnistöku nærri vatni, verði um það að ræða, þegar fyrir liggur nánari útfærsla á efnismagni á hverjum stað og fyrirkomulagi efnistöku á viðkomandi svæði.“

Umsögnin endurspeglar umfjöllun um efnistökusvæði í umhverfismatsskýrslu um að ekki verði tekið efni úr virkum árfarvegi eða að farið verði niður fyrir vatnsborð. Í viðbrögðum Landsnets við

umsögninni kemur fram að ef efni verður tekið úr efnistökusvæðum í námunda við ár verður leitað til Hafrannsóknastofnunar varðandi fyrirkomulag efnistöku og frágang í tengslum við vinnu við áhrifamat vatnshlota. Þetta á einkum við ef valkostur A3 verður á endanum fyrir valinu.

Fiskistofa tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Hafrannsóknastofnunar og minna á að framkvæmdir innan 100 metra frá veiðivatni eru háðar leyfi Fiskistofu. Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar draga þau fram að áhrif geta einkum orðið við jarðvinnu, efnistöku, notkun tækja, vinnuvéla og uppsetningu mastra og ýmis konar búnaðar en einnig frá aðstöðu og vinnubúðum fyrir verktaka sem og flutningi efnis og aðfanga á ökutækjum/flutningabílum. Það endurspeglar umfjöllun Landsnets um helstu áhrif framkvæmdar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það einkum vegna áhrifa af þverun áa fyrir línuvegi á leiðum A og B þar sem hætta á raski er mest á vatnshlot.

Viðbætur eftir ábendingar Skipulagsstofnunar


Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að upptalning á efnistökusvæðum nálægt ám væri ekki tæmandi. Í kjölfarið var unnin ítarlegri greining á nálægð nýrra efnistökusvæða við árfarvegi. Miðað var við gagnagrunn vatnavefsjár á straumvatnshlotum. Niðurstaðan er að eftirfarandi 14 efnistökusvæði eru í minna en 200 m fjarlægð frá árfarvegum, þar af eru 11 svæði í minna en 100 m fjarlægð (mynd 2.6).

Tafla 2.2 Efnistökusvæði í minna en 200 m fjarlægð frá ám.

Efnistökusvæði	Fjarlægð	Árfarvegir
HN-01	< 100 m	Miklagilskvísl
HN-02	< 200 m	Miklagilskvísl
HN-32	< 100 m	Blanda
HN-50	< 200 m	Haugalækur
HN-52	< 100 m	Ytri-Haugakvísl
HN-53	< 100 m	Haugakvísl
HN-54	< 100 m	Víðidalsá
HN-55	< 100 m	Fitjá
HN-56	< 100 m	Fitjá
HN-57	< 100 m	Fitjá
HN-58	< 100 m	Austurá
HN-59	< 200 m	Austurá
HN-60	< 100 m	Síká
HN-61	< 100 m	Vesturá

Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að í umhverfismatsskýrslu sé sagt að efnistaka fari ekki fram úr virkum árfarvegi en á uppdráttum fari útlínur efnistökusvæða í nokkrum tilfellum út í ár.

Afmörkun efnistökusvæðanna í námukönnun er ekki nákvæm á þessu stigi, bæði þar sem rannsókn á efnum hafa ekki farið fram og til að hafa sveigjanleika þegar farið verður í efnistökuáætlun og í nánari afmörkun á efnistökusvæðum. Þó útlínur á efnistökusvæðum liggja í einhverjum tilfellum út í ár á kortum er það ljóst í texta í umhverfismatsskýrslu og í viðbrögðum Landsnets við umsögnum að efnistaka fari ekki fram í virkum árfarvegi eða fari niður fyrir vatnsborð. Þegar ákvörðun liggur fyrir um aðalvalkost, og farið verður í nánari verkhönnun, efnisrannsóknir og efnistökuáætlun, verður unnið áhrifamat í samræmi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi. Á því stigi verður sömuleiðis viðhaft samráð við Hafrannsóknastofnun um útfærslu efnistökusvæða nálægt ám líkt og kemur fram í viðbrögðum Landsnets. Sömuleiðis verður sótt um leyfi Fiskistofu sbr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði.



Mynd 2.6 Ný efnistökusvæði sem eru í minna en 200 m fjarlægð frá árfarvegum eru merkt með svörtum hringjum.

Skipulagsstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um þverun á Hnautavísl. Þvera þarf Hnautavísl þar sem möstur á D leiðinni eru staðsett í hólmanum. Gert er ráð fyrir að þvera hana við fyrirbyggjandi slóð þar sem það er talið valda minna riski. Það yrði gert í samráði við landeigendur og veiðifélag. Ekki hefur verið útfært hvernig það verður gert. Ein möguleg lausn er að það yrði komið fyrir stoðfyllingu úr stórgryti hlémegin við slóðina og svo hefðbundin malarfylling ofan við, helst með stóru grjóti. Ef þessi lausn verður ofan á þyrfti að setja ræsi.

2.2.5 Fornminjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að nokkur af nýjum efnistökusvæðum lenda utan fornleifaskráningar, einkum við valkosti A og B. Fornleifafræðingur verður fenginn til að klára þá skráningu áður en framkvæmdir hefjast. Í töflum eru útreikningar á fjarlægð minja frá riski og er þar átt við mastrastæði, slóða og efnistökusvæði.

Viðbætur eftir ábendingar Skipulagsstofnunar

Í umhverfismatsskýrslu kemur ekki skýrt fram hvar þarf að fara í ítarlegri skráningu fornleifa við efnistökusvæði. Á heiðum voru fornleifar skráðar ef þær sáust frá slóðum þegar keyrt var um heiðarnar á áhrifasvæði valkosta A og B. Þar sem bæta þarf við fornleifaskráningu er einkum á þeim svæðum þar sem ný efnistökusvæði liggja utan athugunarsvæða og eru ekki við vegslóða sem keyrðir voru. Það á við um:

Valkostir A og B	Valkostir D
HN-46 HN-53 HN-61 HN-01 HN-49	HN-30

Á áhrifasvæði valkosta er almennt lítið um fornleifar og ef svo ólíklega vill til að fornleifar finnast á efnistökusvæðum sem eru utan þess svæðis sem var skoðað m.t.t. fornleifaskráningar eru aðstæður á svæðinu þess eðlis að auðvelt ætti að vera að hnika til afmörkun efnistökusvæðis til að forðast risk.

Áhrif valkosta A, B og D eru metin óveruleg til nokkuð neikvæð á fornminjar. Óvissa um fornleifar á ofangreindum efnistökusvæðum er ekki líkleg til að vera þess eðlis að niðurstöður umhverfismats breytist.

2.2.6 Landslag og ásynd / Ferðapjónusta og útivist

Umhverfispættirnir landslag og ásynd, ásamt ferðapjónustu og útivist eru hér teknir saman þar sem viðbrögð við ábendingum Skipulagsstofnunar taka á sambærilegum þáttum.

Í umfjöllun umhverfismatsskýrslu um áhrif framkvæmda á landslag og ásynd eru efnistökusvæði innan athugunarsvæðis og er lýsing á landslagi sem línur, slóðar og efnistökusvæði fara um. Lýsing er á einkennum áhrifa efnistökusvæða og fram kemur að við mat á sjónrænum áhrifum er m.a. horft til umfangs rasksvæða og fjarlægðar ásamt afstöðu rasksvæða frá viðkvæmum svæðum og hóbýlum, vegum, gönguleiðum og áningarstöðum. Í mati á umfangi kemur fram að mastrastæði, slóðar og efnistökusvæði koma til með raska svæðum sem eru lítt snortin en umfang sjónrænna áhrifa eru staðbundin. Fyrir valkosti A og B þarf að mestu leyti að sækja efni í nýjar námur, sem felur því í sér meira nýtt rask vegna efnistökusvæða, samanborið við valkosti D.

Í umfjöllun um áhrif framkvæmda á ferðapjónustu og útivist kemur fram um grunnástand að „Mikilvægar laxveiðiár eru á svæðinu og liggja D valkostir yfir þær og veiðistaði. Á húnvetnskum heiðunum sem valkostir A og B liggja um er fjöldi vatna og er veitt í sumum þeirra. Stangveiði getur haft mikla efnahagslega þýðingu á svæðinu, bæði fyrir seljendur veiðileyfa og þá sem selja veiðimönnum mat, gistingu og leiðsögn. Þannig eru ekki skörp skil á milli útivistar og ferðapjónustu hvað sportveiðar varðar.“ Tafla 16.3 sýnir veiðiár á áhrifasvæði valkosta HH3.

Í mati á áhrifum kemur fram að „Sem dæmi, og sem kom fram í viðtölum við fulltrúa sem selur veiðileyfi, geta framkvæmdir í grennd við veiðiár haft neikvæð áhrif og þess vegna er rétt að framkvæmdir á þeim stöðum eigi sér sem mest stað utan veiðitíma. Landsnet telur ekki raunhæft að hægt sé að tímasetja framkvæmdir alfarið utan veiðitíma en Landsnet reynir eins og kostur er að upplýsa veiðifélögin um framkvæmdatíma. [...] Fram kom að þar sem línar þverar veiðiár þurfi að gæta sérstakrar varúðar, ekki síst á framkvæmdatíma til að trufla ekki veiðiskap. Skiptar skoðanir komu fram meðal útivistafólks á áhrif línunnar en almennt virtist útivist ekki mikið vera stunduð í nágrenni valkosta D nema veiði í ám.“

Í viðtölum sem RHA tók við útivistarfólk var umfjöllun um áhrif framkvæmda á veiðistaði og aðra útivistar- og áningarstaði almennt um áhrif línunnar sjálfar en lítið var minnst á efnistökusvæði.

RHA nefnir í sérfræðiskýrslu sinni um mögulegar mótvægisáðgerðir að framkvæmdir fari fram utan veiðitíma. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Landsnet telji ekki raunhæft að hægt sé að tímasetja framkvæmdir alfarið utan veiðitíma en Landsnet mun reyna eins og kostur er að upplýsa veiðifélögin um framkvæmdatíma.

Í umfjöllun um áhrif framkvæmda á ferðapjónustu og útivist kemur fram um grunnástand að „gangnamannaskálar eru oft notaðir í tengslum við veiðar, aðra útivist og ferðapjónustu en þetta eru m.a. Álkuskáli, Skútagil, Húksheiðarskáli, Núpsheiðarskáli, við Arnarvatn stóra, Lónaborg, Bleikskvíslarskáli, Haugakvíslarskáli, Mönguhóll, Fosshóll, Öldumóðuskáli og Fellaskáli. Hluti af þessum skálum eru utan við 5 km vegalengd frá valkostum A og B“.

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu – efnistökusvæði, veiðistaðir og landslag

Í umsögn Veiðifélag Viðidalstunguheiðar kemur fram að veiðifélagið vilji „sérstaklega benda á að fara þarf með mikilli gát við efnistöku á svæðinu. Í skipulagsgátt er getið um nokkra efnistökuastaði á Viðidalstunguheiði, meðal annars á áreyrum Viðidalsár. Ekki aðeins þarf að gæta að verndargildi þessara staða, heldur þarf líka að gæta sérstakrar varúðar við lagningu vegaslóða frá línustæðinu að þessum stöðum, því í sumum tilfellum er um nokkurra kílómetra leið að ræða.“

Líkt og fjallað er um í kafla 2.2.4 kemur fram í viðbrögðum Landsnets við umsögnum um efnistöku nálægt ám að þegar ákvörðun liggur fyrir um aðalvalkost, og farið verður í nánari verkhönnun og efnistökuáætlun, verður unnið áhrifamat á vatnshlot. Á því stigi verður sömuleiðis viðhaft samráð við Hafrannsóknastofnun um útfærslu efnistökusvæða nálægt ám líkt og kemur fram í viðbrögðum Landsnets. Sömuleiðis verður sótt um leyfi Fiskistofu sbr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði. Hér skal einnig bent á að þegar ákvörðun liggur fyrir um aðalvalkost verður farið í nánara samtal við landeigendur og á þeim vettvangi verður hægt að óska eftir því að hliðra framkvæmdinni til í þeim tilgangi að aðlagja frekar að nýtingu á svæðinu eða til að draga úr ásynnd. Það á einnig við um efnistökusvæði. Þá mun Landsnet upplýsa veiðifélögin um framkvæmdatíma.


Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að „*Mesta rask á jarðminjum er vegna efnistökusvæða. Þar munar miklu um að fyrir leiðir A og B um heiðalönd er gert ráð fyrir 27 nýjum efnistökusvæðum en aðeins 4 nýjum efnistökusvæðum fyrir láglendisleiðir D. Leið D liggur þó um fjölbreyttara landslag og úrval jarðmyndana því meira t.d. eru sjávarsetlög frá Miðfirði að finna í Vatnsdal og Víðidal og eru jarðmyndanir í Köldukinnahólum undir hverfisvernd, en D1- og D2-línuleiðir liggja í jaðri þess svæðis. Ekkert rask er áætlað á jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar eða eru innan svæða á náttúruverndarskyrslu þar sem verndargildi felst í jarðmyndunum.*“ Umsögn endurspeglar niðurstöður umhverfismatsskýrslu.

Viðbætur eftir ábendingar Skipulagsstofnunar


Í umhverfismatsskýrslu kemur ekki skýrt fram staðsetning efnistökusvæða fyrir valkosti A og B með tilliti til veiðistaða og gangnamannaskála og er hér bætt úr því. Valkostir A og B þvera í einhverjum tilfellum ár neðan við efstu veiðistaði og geta þannig haft áhrif á upplifun veiðimanna á svæðinu. Líkt og kemur fram í kafla 2.2.4 hefur verið unnin ítarlegri greining á nálægð efnistökusvæða við árfarvegi. Af þeim sem þar eru talin upp eru eftirfarandi 5 ný efnistökusvæði innan veiðisvæða, þ.e. neðan við efsta veiðistað árinna (mynd 2.7).

Efnistökusvæði	Veiðiá	Umfang og magn*	Lýsing á staðháttum
HN-32	Blanda	60.000 m ³ og 2,3 ha	Um er að ræða gamlan tipp frá Blönduvirkjun þ.e. efni sem var haugsett hér frá framkvæmdatíma Blönduvirkjunar. Raskað svæði þar sem yfirborðið hefur verið jafnað út og er nær ógróið. Frekari efnistaka yrði nokkuð sýnileg frá Blöndudalsvegi.
HN-54	Víðidalsá	30.000 m ³ og 0,4 ha	Um er að ræða áreyrar Víðidalsár, neðan við vegslóða. Efnistaka yrði einnig nokkuð sýnileg frá Bleikskvíslarskála, sem er í um 235 m fjarlægð, á meðan á framkvæmdum stendur.
HN-58	Austurá	75.000 m ³ og 5,3 ha	Um er að ræða áreyrar við Austurá, neðan við Arnarvatnsveg. Mögulega hægt að taka 1-1,5 m vinnslulag.
HN-59	Austurá	105.000 m ³ og 3,7 ha	Um er að ræða malarhjalla neðan við Arnarvatnsveg. Búið er að raska svæðinu að einhverju leyti í tengslum við lagfæringar á veginum.
HN-61	Vesturá	13.000 m ³ og 1,3 ha	Hálfgrónar áreyrar neðan við gilkaft. Vísir að slóða liggur um svæðið. Klöpp er sjáanleg í árbotni og mögulega er ekki hægt að taka mikið efni á svæðinu.

* Gróflega áætlað á þessu stigi. Ítarlegri efnistökuáætlun verður unnin þegar aðalvalkostur liggur fyrir.



Mynd 2.7 Ný efnistökusvæði sem er innan 200 m fjarlægð frá ám, og neðan við efsta veðistað eru merktar með svörtum hring.



Mynd 2.8 Efnistökusvæði HN-61. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.9 Efnistökusvæði HN-58. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.



Mynd 2.10 Efnistökusvæði HN-59. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.




Mynd 2.11 Efnistökusvæði HN-54. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.




Mynd 2.12 Efnistökusvæði HN-32. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.


Valkostir A og B liggja í nokkrum tilfellum nálægt gangnamannaskálum. Þeir skálar sem liggja næst efnistökusvæðum valkosta eru Mönguhólsskáli, Bleiksvíslarskáli og Haugakvíslarskáli (Mynd 2.13). Aðrir skálar sem eru innan áhrifasvæðis valkosta eru í meira en 1 km fjarlægð frá efnistökusvæðum (Mynd 2.14).




Mynd 2.13 Ný efnistökusvæði sem liggja innan 350 m fjarlægð frá gangnamannaskálum.



Mynd 2.14 Aðrir gangnamannaskálar á svæðinu og fjarlægð frá efnistökusvæðum.



Mynd 2.15 Mönguhólsskáli og efnistökusvæði HN-56 og HN-55.



Mynd 2.16 Haugarkvíslarskáli og efnistökusvæði HN-51.



Mynd 2.17 Efnistökusvæði HN-54. Afmörkun svæðis er ónákvæm. Skjáskot af map.is/hh3.

Rask á ósnortu svæði í námunda við veiðistaði og gangnamannaskála kann að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um svæðið í ljósi þess að útivist í tengslum við veiði og gangnamannaskála er oft tengd því að vera fjarri ónæði og mannvirkjum. Á framkvæmdatíma má búast við staðbundnum breytingum á landslagi og ónæði í námunda við ofangreinda 3 skála, Mönguhólsskála, Haugakvíslarskála og Bleikskvíslarskála, og 5 efnistökusvæði innan veiðisvæða. Um er að ræða svæði sem falla undir hverfisvernd, þar sem útivistargildi og aðgengi að ósnortnu landi eru hluti af verndargildi. Þessir þættir voru teknir til skoðunar í vægismatinu, og áhrifin eru metin tímabundin og staðbundin.

Framkvæmdatími Holtavörðuheidalínu 3 er þrjú ár. Áhrif á ásýnd og útivist eru tímabundin og gengið verður frá efnistökusvæðum í samræmi við lýsingu í umhverfismatsskýrslu, kafla 6.7. Frágangur verður í samræði við landeigendur. Áhersla er lögð á að við frágang verði yfirborð á röskuðu svæði til samræmis við aðliggjandi svæði þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu og samræmist aðliggjandi yfirborði. Við frágang verður svarðlag á nærliggjandi svæði nýtt til að styðja við endurheimt gróðurs. Áhrif efnistöku úr áreyrum eru óveruleg nema rétt á meðan efnistöku stendur. Auðvelt er að afmá ummerki efnistöku með frágangi ásamt því að gera má ráð fyrir að efni í eyrunum endurnýst með tímanum. Viðbótarupplýsingar um efnistökusvæði eru ekki taldar breyta meginniðurstöðu matsins á áhrifa valkosta á ferðaþjónustu og útivist, eða landslag og ásýnd.

Á kynningarfundum var m.a. rætt um staðsetningu efnistökusvæða, sérstaklega í tengslum við valkosti A og B. Komið var með ábendingar um staðsetningar og var spurt um möguleika á samnýtingu efnis vegna uppbyggingar á svæðinu, einkum vegagerð og við gangnamannaskála. Á opnum húsum spurðust gestir einnig fyrir um efnistökusvæði og fengu upplýsingar um þau í gegnum vefsvæði verkefnisins. Landsnet telur því að efnistökusvæðum hafi verið gerð viðeigandi skil í kynningu og í gegnum samráðsferlið.

2.2.7 Óbyggð víðerni

Í umfjöllun umhverfismatsskýrslu er áhersla lögð á skerðingu raflína á óbyggð víðerni, sem byggir á viðmiðum í þeim kortlagningum sem liggja fyrir. Ekki er sérstök áhersla lögð á skerðingu efnistökusvæða á óbyggð víðerni, þar sem líklegt er að áhrif raflína nái yfir stærra svæði en áhrif efnistökusvæða, hvað varðar áhrif á ásýnd. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á óbyggð víðerni og hér er því ekki fjallað nánar um þann umhverfisþátt.

2.2.8 Landbúnað og skógrækt

Í umhverfismatsskýrslu er almenn umfjöllun um efnistökusvæði í tengslum við landnotkun. Ný efnistökusvæði hafa ekki bein á áhrif á landbúnað og skógrækt, þ.e. raska ekki ræktuðum tünnum eða skógrækt. Helst verður rask á beitarlöndum. Nýtt efnistökusvæði við D valkosti, HN-30, er það efnistökusvæði sem er næst ræktuðu landi. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um áhrif efnistökusvæða á landbúnað og skógrækt og hér er því ekki fjallað nánar um þann umhverfisþátt.

2.2.9 Hljóðvist og rafsegulsvið

Á ekki við.

2.2.10 Loftslag

Á ekki við

2.2.11 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um þau verndarsvæði (náttúruminjaskrá og hverfisvernd) sem framkvæmdir fara um og er tekið fram að mat á áhrifum taki til línuleiða, slóða og efnistökusvæða.

Í umhverfismatsskýrslu kemur m.a. fram að „Fjögur efnistökusvæði valkosta A og B liggja innan [svæða á náttúruminjaskrá]. Verndargildi svæðisins, Arnarvatnsheiði, felst í frjósömum tjörnum, stöðuvötnum, flóum og ám, silungaveiði og fuglalífi.“

[...]

Valkostir A og B fara á bilinu 53,8 km til 57,3 km löngum kafla um hverfisverndarsvæði þar sem verndargildi svæða felst í náttúruminum, þjóðminjum, mikilvægustu lindasvæðunum, votlendi og útivistargildi. Sextán efnistökusvæði í tengslum við A og B liggja innan hverfisverndarsvæða. Valkostir D1 og D2 fara á um 200 m kafla um hverfisverndarsvæði þar sem verndargildi felst í jarðmyndunum.“

Vísað er í viðauka B, námukönnun sem EFLA vann, þar sem eru skýringauppdættir sem sýna nánar staðsetningu efnistökusvæða m.a. með tilliti til náttúruminjaskrár og hverfisverndar.

Skipulagsstofnun taldi að ekki væri nægilega fjallað um áhrif efnistökusvæða á verndargildi. Að mati Landsnets var athugasemdin einkum sett fram í samhengi við útivist og ferðaþjónustu og hefur verið bætt við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu sbr. kafla 2.2.6 hér að ofan. Ekki er talin þörf á frekari viðbótum við þessa umfjöllun.

3 Samantekt

Í kjölfar athugasemda Skipulagsstofnunar hefur verið bætt við upplýsingum um efnistökusvæði í umhverfismatsskýrslu til að skýra nánar frá áhrifum á þá þætti sem stofnunin vakti athygli á.

Í kaflanum um vatnalíf eru nú skýrari upplýsingar um verklag og mótvægisáðgerðir sem miða að því að lágmarka hættu á röskun á vatnshlotum og lífríki þeirra. Þá er sérstaklega tekið fram að efnistaka muni ekki fara fram úr virkum árfarvegi eða niður fyrir vatnsborð, og gert er ráð fyrir samráði við Hafrannsóknastofnun við nánari útfærslu efnistöku við ár. Auk þess verður ítarlegra áhrifamat á vatnshlot unnið þegar frekari hönnunargögn, efnisrannsóknir og ákvörðun um aðalvalkost liggja fyrir.

Í umfjöllun um ferðaþjónustu og útivist hefur verið skýrt betur hvernig framkvæmd getur haft áhrif á upplifun gesta í námunda við veiðisvæði og gangnamannaskála, þar sem útivistargildi og aðgangur að ósnortnu landi er hluti af verndargildi svæðanna. Jafnframt er tekið fram að áhrif eru að mestu tímabundin og staðbundin, og verður haft samráð við landeigendur og veiðifélög um framkvæmdatíma og staðsetningu einstakra framkvæmdaþátta með það að markmiði að draga úr raski. Í kaflanum um landslag og ásýnd hefur umfjöllun um sjónræn áhrif efnistökusvæða verið uppfærð, meðal annars með tilliti til nálægðar við útivistarsvæði og sýnileika frá vegum, skálum og gönguleiðum. Sama á við um kaflann um fornleifar, þar sem skýrar er tilgreint hvar þörf er á frekari skráningu áður en framkvæmdir hefjast.

Viðbæturnar við umhverfismatsskýrslu skýra betur afmörkun og mat á áhrifum efnistökusvæða, en hafa ekki í för með sér breytingar á meginniðurstöðum umhverfismatsins.


Landsnet gerir jafnframt ráð fyrir að við frekari hönnun og útfærslu framkvæmdarinnar geti tilhögun einstakra framkvæmdaþátta, þar með talið efnistöku, tekið breytingum. Þegar aðalvalkostur liggur fyrir þarf að gera efnistökuáætlun þar sem farið verður í nánari efnisrannsóknir, meta eftirstandandi heimildir efnistökusvæða sbr. skipulagi og samráð við landeigendur. Ef breytingar verða á umfangi eða staðsetningu efnistökusvæða verður það tilkynnt í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í umhverfismatsskýrslu hafa verið metin fleiri efnistökusvæði en ráðgert er að nýta, sem veitir svigrúm við nánari útfærslu á síðari stigum.

Málefni: Holtavörðuheidiarlína 3 – þverun Vesturár


Svar EFLU: Með fyrirvara um að botninn í ánni sé hentugur til að þvera á vaði, þá gerir EFLA ráð fyrir því að áin verði þveruð á vaði. Landhalli er viðráðanlegur (< 10%) báðum megin árinna og beygjuradíusar ganga upp fyrir þau tæki sem gert er ráð fyrir að þurfi að fara um slóðina. Gert verður akfært með því að gera sneiðing þar sem mestur er brattinn og borið í með aðfluttu fyllingarefni.

Í raun þarf að gera akfært að og meðfram línunni milli Vesturár og Núpsár þar sem ekki er talið vænlegt að þvera Núpsánnna þar sem hún er í brattara og dýpra gili en Vesturá. Aðkomuleiðin að línunni upp úr Núpsdal er að austanverðu. Ef ekki verður gert fært yfir Vesturá, væri möguleiki að þvera Núpsánnna þrátt fyrir að það væri heldur stærri aðgerð.

Starfsmaður EFLU og Landsnets voru á ferð sumarið 2023 við skoðun á línuleið og þveruðu þá Vesturá á umræddum stað á sexhjólum. Þó viðfangsefni þeirrar ferðar hafi ekki verið útfærsla vegslóða heldur línuleiðar, þá var vel fært yfir ánnna á þessum sama stað. Það eru því yfirgnæfandi líkur að þessi þverun henti og gangi upp en vissulega er hún krefjandi.



Mynd 1. Þverun Vesturár skammt norðan línuleiðar A3. Um er að ræða 1m hæðarlínur.



Mynd 2: Á milli Vesturár og Núpsár eru rúmir 6 km.

RE Holtavörðuheildarlína 3 - námur

Til : Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
Frá : Anna Sigga Lúðvíksdóttir <anna@landsnet.is>
CC : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Erla Björg Aðalsteinsdóttir <>
Heiti : RE Holtavörðuheildarlína 3 - námur
Málsnúmer : 202409108
Málsaðili : Landsnet hf
Skráð dags : 11.06.2025 00:00:00
Höfundur : Anna Sigga Lúðvíksdóttir <anna@landsnet.is>
Viðhengi : [landsnet_20_undirskrift_7794abf6-9044-4665-b324-b3e865aae96d.png](#)
[image001.jpg](#)

Sæll Egill,

Við skoðuðum þetta nánar og það er rétt að það hefðu fleiri námur átt að vera listaðar upp í yfirlitinu yfir námur sem eru í minna en 200 m fjarlægð frá ám – námur HN-58, HN-60, HN-56, HN- 54.

Efni verður tekið úr áreyrum en ekki virkum árfarvegi og líkt með hin 4 svæðin, sem eru talin upp í töflunni, þarf að hafa sérstaka aðgát við efnistöku og skoða aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Margar af þessum námum liggja nálægt hvor annarri og ljóst er að ekki yrði efni tekið úr öllum þessum svæðum ef A valkostur verður fyrir valinu.

Kær kveðja,

Anna Sigga

Anna Sigga Lúðvíksdóttir

Verkefnastjóri undirbúnings fjárfestingaverka / Project Planning

Eignir og rekstur / Asset Management and Operations

Tel / Sími: 563 9300 / E-mail: anna@landsnet.is

From: Egill Þórarinnsson - SLS

Sent: Friday, June 6, 2025 8:53 AM

To: Anna Sigga Lúðvíksdóttir

Cc: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Subject: Holtavörðuheildarlína 3 - námur

Sæl Anna Sigga,

Við höfum spurningu sem varðar mögulegar námur vegna Holtavörðuheildarlínu 3.

Í töflu 6.3 *Efnistökusvæði við valkosti A og B* er m.a. tilgreindar námurnar HN-58 og HN-60. Þá er fjallað um námurnar í viðauka umhverfismatsskýrslu um námur. Við skoðun á kortagögnum meðfylgjandi umhverfismatsskýrslu eru námur HN-58 og HN-60 staðsettar í ám eða á árbökkum.

Í töflu 6.5 *Nánari lýsing á efnistökusvæðum í minna en 200 m fjarlægð frá ám* eru námur HN-58 og HN-60 ekki tilgreindar.

Í kafla 11 er sagt að fjögur efnistökusvæði fyrir valkosti A og B séu í innan við 200 m fjarlægð frá ám og eru námur HN-58 og HN-60 ekki taldar upp meðal þeirra.

Hafa námur HN-58 og HN-60 verið afskrifaðar?

Með kveðju,

Egill Þórarinsson

Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Egill.Thorarinsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun